

þessi, ber að ákveða með hliðsjón af fyrirmælum 63. gr. og þykir hún hæfilega metin 3ja ára betrunarhússvinnu.

Þá ber og að skylda kærðan til að greiða allan sakarinnar kostnað að skaðlausu.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 30. maí 1923.

Nr. 20/1923. **Fjármálaráðherra f. h. Vífil-  
staðabúsins**  
(Jón Ásbjörnsson)  
gegn  
**hreppsnefnd Garðahrepps.**  
(L. Fjeldsted),

útaf útsvarsskyldu Vífilstaðabúsins.

Úrskurður fúgetarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. jan. 1923: Hið umbeðna lögtak fyrir aukaútsvari lögðu á Vífilstaðabúið á Vífilstöðum fyrir fardagaárið 1921 til 1922 til sveitarsjóðs Garðahrepps, að upphæð kr. 1200,00, svo og kostnaði við innheimtu þess, á fram að fara á þann hátt, sem mælt er fyrir í þar að lútandi úrskurði 8. apríl f. á., rituðu á lögtaksbeiðni hreppsnefndar Garðahrepps, dags. 25. mars f. á., birtum 22. apríl s. á. og samkvæmt 9. gr. laga 16. des. 1885.

### **Dómur hæstarjettar.**

Að vísu telur reikningur Heilsuhælisins á Vífilstöðum 1921, sem framlagður er í málinu, tekjur og gjöld af búi hælisins sem sjerstaka tekju- og gjalda-liði og tekjurnar allmiklu meiri en gjöldin. En það er in confesso í málinu, að allur afrakstur búsins

gengur til hælísins, enda sjest það á sjálfum reikningnum, að búið er einn þáttur í rekstri hælísins. En á slíka starfsemi, sem með engu móti verður kölluð atvinna, var hvorki heimilt að leggja útsvar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1919, nje heldur samkv. 2. mgr. nefndrar lagagreinar, sem ræðir um lagningu útsvars á atvinnurekstur utansveitarmanna, meðal annars fyrir jarðarafnot.

Verður því að ógilda fógætarjettarúrskurðinn og þá jafnframt að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann eftir atvikum hæfilega metinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógætarjettarúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Stefndi, hreppsnefnd Garðahrepps, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. Heilsuhælísins á Vífilsstöðum 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Hreppsnefndin í Garðahreppi í Gullbringusýslu hefir haustið 1921 lagt 1200 kr. aukaútsvar á afnot Vífilsstaðabúsins eða ábúð þess á þjóðjörðinni Vífilsstöðum í greindum hreppi, en umráðamaður Heilsuhælisstofnunarinnar læknir Sigurður Magnússon, hefir neitað að greiða útsvar þetta vegna þess, að stofnun þessi, sem rekin sje á kostnað ríkissjóðs, eigi sje arðberandi fyrirtæki heldur líknarstofnun fyrir alt landið, og að ábúðin, sem útsvarið sje lagt á, sje orðinn einn liður í rekstri stofnunarinnar, er sje eign ríkissjóðs og rekstur jarðarinnar sje kostaður af ríkissjóði, og fyrgreint aukaútsvar sje því í raun og veru lagt á Heilsuhælið sem slíkt eða ríkissjóð sem eiganda þess, en um útsvarsskyldu þegar svo sje ástætt, geti eigi verið að ræða. Af hálfu gjörðarbeiðanda er því á hinn bóginn haldið fram, að enginn greinarmunur sje á því gjörður í 36. gr. sveitarstjórnarlaganna, sem álagning fyr-

greinds aukaútsvars styðjist við, hver ábúandi jarða sje, eða hvert arður af búskap lendi, heldur fortakslaust heimilað að leggja á slíkan atvinnurekstur, og búskapur sá, ér hjer um ræðir, sje sannanlega rekinn með góðum hagnaði — Vífilssstaðabúið.

Með því að fyr um rætt aukaútsvar, lagt á Vífilssstaðabúið fyrir fardagaárið 1921 til 1922, eingöngu virðist miðað við ábúð Vífilssstaðahælisins á þjóðjörðinni Vífilssstöðum svo og þjóðjörðinni Hagakoti í greindum hreppi, sem það vitanlega einnig hefir til ábúðar, eða afnot og afrakstur af jörðum þessum, en eigi lagt á rekstur Heilsuhælisins í heild sinni, og á hinn bóginn engin kæra hefir framkomið, hvorki til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða sýslunefndar, um að hið álagða aukaútsvar eftir atvikum sje of hátt ákveðið í samanburði við útsvör lögð á ábúð annara jarða í hreppnum, eða aukaútsvör lögð á aðra gjaldendur hreppsins, og loks enginn greinarmunur er gjörður á því í hinni tilvitnuðu laga-grein, hver ábúandi sje eða hvert arður eða afrakstur af jarðar-ábúðinni lendi, virðist rjett vera að umræddur gjaldandi greiði hið álagða aukaútsvar, kr. 1200,00, til sveitarsjóðs Garðahrepps. Hefir hreppstjóranum í Garðahreppi með úrskurði sýslumanns dags. 8. apríl f. á. verið falið að framkvæma lögtak fyrir útsvarinu, en hann eigi með lögtaksgjörð 5. f. mán. lögformlega fullnægt því, samkvæmt 9. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, með yfirlýsing sinni um að þar uppskrifaðir gripir sjeu lögteknir til fullnægingar aukaútsvarinu og kostnaði við lögtakið.

---